

virðist póststimpluð í Reykjavík 17. febrúar 1932, kveður stefndur sendinguna skemmda og mest af henni ónot hæft, en þessi kvörtun er of seint fram komin og verður því samkv. 52. gr. laga um lausafjárkaup 39/1922 eigi tekin til greina.

Í öðru sinni hefir stefndur haldið því fram, að stefnandi hafi átt að bera kostnað af sendingunni og kveðst hafa greitt 33 kr. 10 a. í flutningskostnað. Af hálfu stefnanda er þessu atriði ekki beint mótmælt og þykir því rétt að draga hann frá stefnukröfunni, en um fjárhæð hennar hefir ekki verið ágreiningur að öðru leyti.

Samkvæmt þessu virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Mánudaginn 25. marz 1935.

Nr. 15/1935. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Helga Þorlákssyni (Th. B. Líndal).

Áfengislaga- og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 4. jan. 1935: Kærður, Helgi Þorláksson, greiði 100 króna sekt til rikissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða varðar við 3. málsg., sbr. 5. málsg. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 20. gr. laga nr. 64/1930, og þykir sekt kærða samkvæmt 14. gr. laga nr. 70/1931 hæfilega ákveðin eins og gert í hinum áfrýjaða dómi. Svo verður eigi hjá því komizt að svipta kærða ökuleyfi æfilangt samkvæmt 2. málsg.

20. gr. laga nr. 64/1930. Og með því að fallast má á ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar, ber að staðfesta hann að öllu leyti, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Helgi Þorláksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Theódórs B. Líndal, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Helga Þorlákssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Laugaveg 27 hér í bæ fyrir brot á lögum um notkun bifreiða nr. 70 frá 1931 og áfengislögum nr. 64 frá 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Klukkan rúmlega 11 e. h. þann 1. janúar síðastliðinn sáu tveir lögregluþjónar, er voru á verði á Laugavegi, bifreiðina R.E. 104 nema staðar fyrir utan húsið nr. 27 við nefnda götu. Bifreið þessari stýrði kærður og þegar hann kom út úr bifreiðinni virtist lögregluþjónunum hann

vera undir áhrifum áfengis svo að þeir fluttu hann á lög-reglustöðina. Þar skoðaði læknir kærðan og hefir gefið vottorð þess efnis, að kærður hafi verið óskýr í máli og augsýnilega undir áhrifum áfengis.

Lögregluþjónar þeir tveir, er tóku kærðan, hafa borið það fyrir rétti að þeim hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis, þegar þeir tóku hann, bæði vegna þess að hann reikaði í spori og vegna þess að hann var ógreinilegur í máli.

Einnig hefir lögregluþjónn sá, er tók skýrslu af kærðum á lögreglustöðinni borið, að honum hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis þegar komið var með hann á lögreglustöðina.

Kærður hefir játað að hafa neytt portvíns rétt áður en lögreglan tók hann fastan. Hafði maður nokkur, er með honum var í bifreiðinni portvinsflösku með sér. Hafði hann gefið kærðum að drekka úr flöskunni, en ekki nema lítið eitt.

Kærður hefir neitað því að hann hafi fundið nokkur áhrif áfengis á umgetnum tíma.

Þaræð læknir hefir gefið það vottorð að kærður hafi verið augsýnilega undir áhrifum áfengis í umrætt skipti og þrír lögregluþjónar hafa borið hið sama og kærður hefir játað að hafa neytt áfengis, verður að telja það sannað, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur í umrætt skipti.

Kærður hefir í lögreglurétti Reykjavíkur verið dæmdur í 100 króna sekt og verið sviptur ökuskirteini í 6 mánuði 1. júlí 1932 fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Brot kærðs ber að heimfæra undir 5. gr. 3. mgr., sbr. 5. gr. 4. mgr. og 14. gr. laga nr. 70, 1931 og 20. gr. laga nr. 64, 1930, þykir refsing sú, er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 100 króna sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Einnig ber að svipta kærðan æfilangt leyfi til að stýra bifreið.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.